

ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 13 — NÓV. '79



Útgefandi ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059.
Gjaldkeri: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599.
Ritari: Ingvar Teitsson.
Varaformaður: Héldi Benediktsson, s. 21027, vinna 12045.
Meðstjórn: Björn Vilhjálmsson, s. 16543.
Magnús Guðmundsson, s. 30214.

Ritnefnd:

Ábyrgðarm.: Ingvar Teitsson.
Aðrir í rit-
nefnd: Einar Steingrímsson, s. 21601, vinna 24400
Magnús Guðmundsson.
Sighvatur Blöndahl, s. 44689, vinna 10100.
Snævarr Guðmundsson.
Snorri Ægisson, s. 31293.

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, f. 75694.
Guðjón Ó. Magnússon.
Einar Steingrímsson.
Torfi Hjaltason, s. 24726.

Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson.
Sighvatur Blöndahl.
Magnús Danielsen, s. 37227.

EFNI BLADSINS:	bls.
Frá stjórninni	3
Félagsstarfið	3
Öryggis-prússik?	5
Leiðarvísisir ÍSALP nr. 6 - Botnssúlur - seinni hluti	6
Messner sigrar K2	12
Þrír á Þumal	15
Annapurna s-veggur 1970	16
Snjóflóð og fjallaferðir	19
Sóló á El Capitán	29
Ferðir og fundir ÍSALP	31

Forsíðumyndin: Úr Botnssúlum, ljósm. Guðjón Ó. Magnússon.

Offsetvinna: Repró.

Prentun: Formprent sf.

Frá stjórninni:

Sumarið hefur kvatt og vetur er að ganga í garð. Á hugann leita nokkur atriði, sem vert væri að drepa á í byrjun vetrarstarfsins. Fyrst skal nefna bókasafnið, sem hefur stækkað til muna á þessu ári. Í bígerð er, að auka við það allverulega. Þeir félagar, sem vita um einhver rit eða bækur, sem að þeirra dómi eiga heima í hillum safnsins, ættu að koma ábendingum um það til bókavarðar. Æn efa leyast einhver gömul rit eða bækur, er spenna á svið klúbbsins, í fórum félaga. Er þeim vinsamlega bent á að henda ekki súlikum ritverkum, heldur gætu þau verið betur komin í bókasafnini. Góðum bókagjöfum verður seint hafnað, hvort heldur eru nýjar ellegar gamlar bækur. Bókasafnið er ekki og á ekki að vera neitt pjátur bókasafn, sem ekki má snerta. Þetta er bókasafn, sem allir félagar klúbbsins eru hvattir til að nota. Síkt opnar umræður um alla mögulega hluti og verður jafnframt hluti af fræðslu þeirri, sem klúbburinn reynir að veita.

Í ráði er að endurprenta fyrsta tölublað blaðsins, sem nú er á þrotum. Verður hér upplagt taki-

færi fyrir þá, sem vantar eintök inn í og vilja eiga blaðið frá upphafi, að verða sér úti um blöð. Og hvers vegna ekki að gefa einhverjum áhugasönum vinum blaðið frá upphafi. Síkt væri mikill styrkur fyrir klúbbinn.

Í þessu hefti er birtur hluti af vetraráætluninni. Þar sést, að vetrarstarfið verður mjög líflegt. Dagskráin á miðvikudagskvöldum verður fjölbreyttari en áður. Starfsemin er öll að taka á sig fastari skorður. Er það vel. Æg vil nota tækifærið til að hvetja alla til að kynna sér dagskrána ítarlega og vera opna fyrir nýjungum, svo klúbburinn megi breikka athafnasvið sitt og nái til sem flestra.

Æn efa verður starfið í vetur það allra líflegasta frá byrjun. Vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi í ferðaætluninni. Svo má líka efna til ferða utan dagskrár. Er "OPNA HÚSIÐ" á miðvikudagskvöldum kjörinn staður fyrir súlikan undirbúning. Það leyast sjálfsagt alltaf einhverjir, sem tilkippilegir eru að koma með.

Erlingur B. Thoroddsen

Félagsstarfið

Klifurnámskeið var haldið helgina 22.-23. september í Hvannagjá á Þingvöllum. Þátttaka var allgóð, en það voru 22 nemendur, þegar flest var. Að námskeiðinu var farið yfir helstu undirstöðuatriði klifurs, sigs, trygginga og björgunar. Veður var ekki eins gott og best var á kosið, þó glytti í sól einu sinni eða tvívar á milli skúranna. Um nóttina sváfu flestir í tjöldum, og súlik var mergð og stærð tjaldanna, að hýsa mátti allt að þrisvar sinnum fleiri en náurgestir voru.

Ýmsir komu í heimsókn og má nefna einn, sem ætlaði að slá öllum á námskeiðinu við með því að klifra í Almannagjá í myrkri um miðnætti og sofa úti undir berum himni í rigningu. Fregnir herma, að hvorugt hafi tekist hjá honum.

Leiðbeinendur voru þeir Arngrímur Blöndahl, Einar Steingrimsson, Pétur Ásbjörnsson og Einar Hrafnkell Haraldsson.

Einar Hrafnkell Haraldsson.

Ísklifurnámskeið í SALP var haldið dagana 13.-14. október með góðri þáttöku eða alls 34, þar af rúmlega 20, sem tæpast höfðu komið á jökul áður. Haldið var úr bænum kl. rúmlega 7 að morgni, farið austur undir Grýtutind, en þar slögum við upp tjöldum. Síðan var haldið inn að Jökullóni Gýgjökuls, og vorum við komin inn í jökulsporðinn um ellefuleytið um morguninn. Þá var tekið til við æfingarnar í ágætis veðri. Voru teknar fyrir æfingar á mannbroddum og beiting ísaxar við mismunandi aðstæður. Einnig var farið í létt klifur og var þá dagurinn búinn.

Á sunnudeginum vöknudum við kl. 08.00. Þá var orðið heiðskýrt og frekar svalt, en við drifum okkur inn í jökul, vorum komin þar um tiuleytið. Byrjuðum við á að æfa björgun úr sprungu á mismunandi hátt, einnig ýmis konar tryggingar og fleira. Eftir hádegi var frjálst ísklifur undir leiðsögn. Lagt var af stað í bæinn um sjöleytið um kvöldið, komið þangað á tiunda tímanum. Leiðbeinendur voru: Guðjón Ó. Magnússon, Sighvatur Blöndahl, Arngrímur Blöndahl og Pétur Ásbjörnsson.

Arngrímur Blöndahl.

Kálfstindaferðin var farin sunnudaginn 28. október. Sjókoma var og vetrarlegt, þegar lagt var af stað frá Grensásvegi 5 í morgunsárið, rofaði þó til á Hellisheiði, svo að sá suður í Skeggja. Ekið var austur yfir Lyngdalsheiði og niður á Laugarvatnsvelli. Þaðan lögðum við upp í lágskýjuðu og hriðarmuggu, stefndum norður að hæstu Kálfstindunum. Var ákveðið að ganga á þann tindinn, sem er hæstur samkvæmt korti, 826 m y.sjó.

Upp á tindinn komum við um klukkan 1 e.h., höfðum þá lítið séð nema hrið og þoku síðustu nokkur hundruð metrana. Útsýnið af Tindinum sjálfum var svipað eðlis. Það var ekki fyrr en við vorum komin langleiðina niður í bílana aftur, að Kálfstindarnir léttu af sér þokunni sem snöggvast, sáum við þá, að við


hofðum reyndar komist á Tindinn, sem áætlað var að klífa.

Sökum leiðinlegs veðurs var ekki gert meir þennan daginn, þó skoðuðum við Laugarvatnshelli á heimleiðinni. Virtist okkur sem nægjusemi hefði verið þar mikil með húsnaði, meðan fólk bjó í hellinum.

Þáttakendur voru 10, fararstjóri Ingvar Teitsson.

Opnu húsin hafa nú loksins sannað gildi sitt. Segja má, að síðan farið var að bjóða þar upp á fasta dagskrá hvert miðvikudagskvöld, hafi jafnan verið fullt hús. Bókasafnið er einnig orðið stærra og aðgengilegra en áður, á það væntanlega sinn þátt í vaxandi aðsókn að opnu húsunum.

Ingvar Teitsson.



Amma þín hvad..?

Öryggis - prússik ?

"Er ekki stórhættulegt að klifra í klettum?" er maður oft spurður, þegar klifurdelluna ber á góma. Og víst verður maður að viðurkenna, að þetta príl sé ekki með öllu hættulaust. Það er þó bót í máli, segir maður, að áhættuna ákveður maður að miklu leyti sjálfur og útbúnaðurinn er jú til þess gerður að minnka hættuna niður í það, sem maður sættir sig við.

Klifrari, sem fæst við 5-10 metra háa kletta, eins og algengt er á Þingvöllum (Hvannagjá) og hefur góðan útbúnað, sem hann kann að fara með, setur sig ekki í mikla hættu. Á hinnum bóginnum var dauðahlutfall evrópskra klifrara í Himalaya sagt vera um 6% árið 1970, þ.e.a.s. að af hverjum 16 týndi einn lífinu á þeim árum.

Það er þó ekki ætlunin að ræða hér og nú þessa annars mikilvægu hlið á klifrinu, heldur aðeins að benda á eitt atriði, sem ef til vill mætti verða einhverjum að gagni við að halda í skefjum áhættunni í prílinu. Og það snertir sigið, sem er líklega einn hættulegasti þáttur klifursins, enda hafa jafnvel heimsfrægir klifrarar hrapað til bana í sigi.

Með einfaldri öryggisráðstöfun, sem ekki tekur meiri tíma en 10-20 sekúndur, er hægt að tryggja það, að þótt klifrarinn missi öll tök á siglinunni í sigi, þá hrapi hann ekki stjórnlaust.

Þetta er sem sé prússik-lykkja, sem höfð er utan um siglinuna og fest í læstu karabínuna á klifurbeltinu, hvort sem um er að ræða stól, brjóstbelti eða annað. Sé stigið á "áttu", "kalli", kara-

bínu eða hliðstæðu apparati, er prússik-hnútur hafður þar fyrir ofan á siglinunni og lykkjunni frá honum fest þannig í læstu karabínuna, að hún þvælist ekki fyrir og geti ekki flækst í sigtækið. Mati maður línuna í gegnum sigtækið með hægri hendi, þá heldur maður með þeirri vinstri utan um prússik-hnútinn á siglinunni þannig, að hann renni eftir henni óhindrað. Til þess má hann ekki vera of hertur. Missi maður nú af einhverjum ástæðum tökin á línunni, þá herðist hnúturinn og maður fer ekki lengra.

Miðað við að notaður sé klifurstóll, er hæfileg lengd á prússik-lykkjunni ca. 40-50 cm. Sé hún of läng á maður á hættu, að hnúturinn festist ofan seilingar og erfitt verði að ná til hans.

Sé ekki notað sigbelti, sem hægt er að sitja í, t.d. ef notað er brjóstbelti, þá ber að hafa í huga, að hangi maður bjargarlaus í því, þá missir hann fljóttlega mátt í höndunum, síðan meðvitund og lifir ekki af nema e.t.v. 20 minútur. Sé umrædd prússik-lykkja notuð við slikt belti verður sigmaðurinn að hafa á sér annað prússik-band, sem hann getur á skjótan hátt brugðið um línuna og stigið í, ef öryggis-prússikinn herðist.

Einar Steingrimsson

Leiðarvísir ÍSALP:

Nr. 7: BOTNSSÚLUR seinni hluti

Í seinasta hefti ÍSALP (nr. 12) var Botnssúlnasvæðinu lýst, ásamt helstu gönguleiðum. Hér á eftir fer lýsing á snjó- og ísklifurleiðum. Kort af þessum leiðum er ekki með í þessu hefti, þar sem þær eru flestar mjög stuttar, en í staðinn eru notaðar myndir til hagræðingar. Hér er aðeins lýst þeim leiðum, sem farnar hafa verið, en margir möguleikar eru enn ókannaðir (sbr. mynd nr. 1). Á svæðinu eru einna bestu snjó- og ísklifur-aðstæður í nágrenni Reykjavíkur, því þær er að finna ótalmargar leiðir af klifurgráðum I-IV.

Þegar um ís- eða snjóklifur er að ræða, er í öllum tilvikum nauðsynlegt að hafa, auk hlýrra skjól-klæða, fjallavað og annan útbúnað til trygginga, sem miðist við þær leiðir, sem glíma á við. Hafa ber hugfast, að gráðunin getur aldrei verið nákvæm, því að færi er mjög breytilegt eftir veðri og sumar leiðir eru alls ekki færar nema við góð skilyrði. Besti tíminn til snjó- og ísklifurs er frá febrúar og fram í maí, en aðstæður geta einnig verið ágætar fyrri hluta vetrar, en birtan þó alltaf minni þá en á vorin.

Enginn klifurtími er áætlaður, því aðstæður eru mjög misjafnar og "vanir" fjallamenn eru væntanlega mun fljótari en "viðvaningar" í klifri.

SNJÓ- OG ÍSKLIFURLEIÐIR:

SYÐSTASÚLA - NORDAUSTURHLÍÐ:

Leið nr. 1 : Austurhryggur:

Gráða I.

Lengd 80 m.

Þessi leið er auðveld yfirferðar og eru þær engin íshöft eða hengjur.

Leiðin er á gönguleið nr. 6 (lýst í 12. tbl. ÍSALP) og er sjaldan ófær. Til trygginga er öruggast að nota snjóanker (deadman).

Leið nr. 2:

Gráða I.

Lengd 130 m.

Löng klifurleið úr Miðsúludal upp að kletti á austurhrygg Syðstusúlunnar (sjá mynd nr. 1). Tryggingar eru nauðsynlegar og heppilegast að nota snjóanker og/eða ísaxir. Gilið, sem farið er upp eftir, er fremur einföld snjóleið. Alvarlegar hengjur eða íshöft eru ekki á þessari leið.

Leið nr. 2 - afbrigði:

Gráða:II

Lengd 130 m.


Í stað þess að klifra beint upp á hrygginn, er farið til hægri (vesturs) upp 4 m langt íshaft í klettabeltinu rétt neðan við hrygginn (sjá mynd nr. 1).

Leið nr. 3 : þrengslin:

Gráða:III/IV.

Lengd 150 m (erfiðleikar efstu 70 m).

Löng ís- og snjóklifurleið, fær við bestu skilyrði og aðeins fyrir mjög "vana" klifurmenn. Lagt er af stað úr Miðsúludal og farið upp breitt gil, sem sker klettabeltið, og snjóbrekku að þrengslunum. Þessi kafli er um 80 m og telst til I. gráðu snjóklifurs. Höft eða hengjur eru ekki á þessari leið. Bratti er mikill uppi í mynni sjálfra þrengslanna og neðst í þeim er um 5 m langt 70° bratt íshaft. Hér er best að reka inn ísskrúfu eða ísfleyg og tryggja næsta mann upp til sín áður en lagt er á brattann. Þegar komið er upp fyrir fyrsta íshaftið



Mynd 1: Syðstasúla, norðausturhlið.

minnkar hallinn í um 50° og helst það næstu 10 m. Þá tekur við um 8 m langt og 70° bratt íshaft. Ágætt er að reka inn millitryggingu áður en lagt er í haftið. Þegar upp fyrir haftið er komið, klofnar leiðin í tvennt, best er að halda beint áfram, því leiðin til hægri er ekki samfellt, klettar slíta hana í sundur á kafla. Haldið er áfram, uns leiðin skiptist aftur, þá er stansað, enda um 35-40 m niður til næsta manns. Nú er tryggt með ísöxi og/eða snjóankerí (stundum betra að nota ísskrúfur) og til öryggis má negla bergfleyg í klettinn. Nú er næsti maður tekinn upp, því næst er farið upp íshaftið, sem er lengst til hægri (vesturs), því að jafnaði er mesti ísinn þar. Upp að haftinu, sem er jafnframt síðasti og erfiðasti


"farartálminn" á leiðinni, er um 50° bratti, en haftið sjálft er yfir 80° og 4-6 m langt. Millitrygging áður en lagt er á haftið er ákjósanleg. Þegar komið er upp úr brengslunum, tekur við samfellt snjóbrekka. Er þá klifrað upp á hrygg Syðstusúlunnar og næsti maður tekinn upp. (Finnig er hægt að klifra þessa leið með því að hafa 20 m á milli manna, en það tekur lengri tíma, þar sem tryggingarstaðir verða fleiri).

Klifurleið nr. 4:

Gráða: II

Lengd 175 m.

Skemmtileg snjóklifurleið upp á austurhrygg Syðstusúlunnar, upp úr Miðsúludal. Engir meiriháttar erfiðleikar eru á leiðinni, en



Mynd 2:

bratti er mikill, sérstaklega efst. Farið er upp austast úr skálinni fyrir norðaustan hátind Syðstusúlunnar. Er þá stefnt til austurs, upp í gilið undir stóra klettinum, sem er um 200 m fyrir neðan (austan) hátind Syðstusúlu. Dálítill ísing getur verið á klettinum og smáhengja rétt áður en farið er upp í gilið, annars er leiðin greið og án teljandi farartáhma.

SYÐSTASÚLA - NORÐVESTURHLÍÐ:

Leið nr. 5:

Gráða:I

Lengd 80 m.

Einföld snjóleið úr Súlnadal upp á norðurhrygg Syðstusúlunnar (sjá mynd 2). Engin höft eða íshengjur eru á þessari leið, sem er jafnframtað auðrötluð. Meðalhalli mun vera um 45-50°.

Leið nr. 6: "Dráttur"

Gráða:II

Lengd 200 m.

Ein lengsta snjó- og ísklifurleið í Botnssúlum (sjá mynd nr. 2). Lagt er af stað upp úr Súlnadal neðst í klettabeltinu norðvestan undir hátindinum. Farið er beint upp gilið, sem er um 10 m breitt neðst. Gilið breikkar eftir um 25 m, en greinist jafnframtað í að minnsta kosti þrjú snjófyllt gil. Haldið er áfram upp gilið, sem er lengst til hægri (vesturs). Áður en haldið er áfram, er best að reka niður tryggingu, því nú eykst brattinn og er á köflum rúmlega 50°. Gilið mjókkar jafnframtað og verður um 2 m breitt. Þegar um 100 m eru að baki, skiptist leiðin í tvennt. Sé haldið beint áfram og síðan upp á norðurhrygg Syðstusúlunnar, eru engin íshöft á leiðinni. Þá telst leiðin af I. gráðu,

en skemmtilegast er þó að fara upp til vinstri (austurs) upp 4 m, 60 bratt íshaft og áfram upp mjótt og bratt gil, sem síðan hverfur út í vesturhliðina á norðurhrygg Syðstusúlunnar. Gæta þarf fyllstu varðar þegar komið er upp fyrir gilið, því að klifrið er ekki búið, auk þess er mikill bratti og mikil vegalengd niður í Súlnadal. Efst við norðurhrygginn getur verið smáhengja.

Mörgum klifurleiðum í Syðstusúlunni hefur enn ekki verið lýst, en ofantalið verður látið nægja í þessu hefti. Síðar er gert ráð fyrir frekari lýsingu á öðrum klifurleiðum.

HÁASÚLA:

Háasúla er alls staðar brött og fáar samfelldar snjó- og ísklifurleiðir þar að finna. Bergið í Háusúlu, eins og viðar í Botnssúlum, er "ótraust" og því eðlilegast að klifra í snjó og ís. Tvær klifurleiðir eru augljósar vestan og norðan í Súlunni, en síðustu 70 m eru sameiginlegir báðum leiðum. Verður nú þessum leiðum lýst:

Leið nr. 7: Vesturgil:

Gráða:II

Lengd 150 m.

Gengið er norður úr skarðinu milli Hau- og Vestursúlu, í vesturhlið Háusúlu, að gili, sem gengur niður úr vesturhrygg Háusúlu. Þegar að gilinu er komið, skal fara í línu og síðan leggja af stað upp gilið, sem er auðfarið. Gilið er af I. gráðu snjóklifurs og um 90 m langt. Þegar komið er upp á vesturhrygginn, skal reka niður tryggingu, helst snjóankerí, áður en haldið er áfram.


Frá hryggnum upp á tindinn eru um 60 m. Fyrstu 10-15 metrana er brattinn um $60-65^{\circ}$ og upp ísi- eða snjólagt berg. Bergið er "sæmilegt" en þessi kafli getur verið snjólaus. Þegar upp fyrir klettahaftið er komið, tekur við samfellið snjóbrekka, um 50° brött, upp á tindinn.

Leið nr. 8: Norðurgil:

Gráða:II

Lengd 150 m.

Farið er norður fyrir Háusúlu. Þaðan er klifrað upp breitt gil



Mynd 3: Háasúla, vesturhlið.



Mynd 4: Miðsúla, suðausturhlið.

(norðurgilið), sem gengur niður úr vesturhrygg Háusúlu. Smáhengja er efst, en annars er leiðin greið. Þessi leið sameinast leið nr. 7, þegar upp á hrygginn er komið, og er nánari lýsing því óþörf.

MIDSÚLA:

Miðsúla býður upp á ágætt og yfirleitt létt snjóklifur, auk þess sem leiðirnar eru oftast stuttar. Klettaþoft geta þó verið "vandamál," ef þau skera leiðina. Að auki eiga allar leiðirnar, sem verður lýst, sömu endastöð, þ.e. hátindur Miðsúlunnar. Leiðir á Miðsúlu eiga allar langan aðdraganda, þ.e. halli eykst með hæð og er mestur efst. Klifurleiðin byrjar því í öllum tilfllum, þegar hallinn er kominn í um 45° og þar yfir, og endar, þegar á tindinn er stigið.

SUDAUSTURHLÍÐ MIDSÚLU

Leið nr. 9: "Direct:"

Gráða: II/III.

Lengd 50-6 m.

Leiðin byrjar úr Miðsúludal og tekur stefnu beint á tindinn upp ísi- og snjólagt gil í klettabelti fyrir neðan tindinn (sjá mynd 4). Engar hengjur eru á leiðinni, en gilið sem er um 30 m langt, er oft ísilagt og mjög bratt, varla fært nema við góð skilyrði. Þegar upp úr gilinu er komið, er haldið áfram upp á tindinn, og eru þar engir farartálmar.

Leið nr. 10:


Gráða: I.

Lengd 50-60 m.

Þessi leið liggar um 20-30 m vestar en leið nr. 9 (sjá mynd 4) og er auðveldari. Hér eru engin íshöft eða hengjur. Lagt er af stað úr Miðsúludal og komið upp á suðurhrygginn rétt fyrir neðan tindinn.

NORDURHLÍÐ MIDSÚLU:

Nokkrar skemmtilegar klifurleiðir eru norðanmeginn í Miðsúlunni. Verður þremur leiðum lýst.



Miðsúla norðurhlíð

GóM.

Mynd 5:

Leið nr. 11:

Gráða: I/II.

Lengd 90-100 m.

Gengið er upp að gili (sjá mynd 5), sem liggur niður af austurhrygg Miðsúlunnar og klifrað þar upp á hrygginn. Upp úr gilinu getur verið smáhengja. Nú er farið á ská til vesturs fyrir neðan há-tindinn og út á vesturhrygginn rétt neðan við tindinn. Smá klettahaft er efst á hrygnum, en það er yfirleitt lagt ísi eða snjó.

Leið nr. 12:

Gráða: I/II.

Lengd 90-100 m.

Klifrað er upp gilið næst fyrir vestan leið nr. 11 upp á austurhrygginn. Hengjur eru sjaldgæfar upp úr gilinu. Síðan sameinast þessi leið leið nr. 11.

Leið nr. 13:

Gráða: I/II.

Lengd 90-100 m.

Farið er upp breitt gil, sem er beint norðan undir hátindi Miðsúlunnar. Klettahaft getur verið farartálmi, ef farið er beint upp úr gilinu. Efst má því fara á ská til vesturs út á vesturhrygginn, er þar jafnan samfelldur snjör. Þaðan er haldið áfram vesturhrygginn og efst sameinast leiðir nr. 11 og 12.

Guðjón Ó. Magnússon.

Messner sigrar K2

Reinhold Messner, fjallgöngugarpurinn heimsþekkti, hefur bætt enn einni skrautfjöðrinni í hatt sinn. Í júlímanuði síðastliðnum vann það frábæra afrek, ásamt félaga sínum Michel Dacher, austurrískum fjallaleiðsögumanni, að klífa K2, næst hæsta fjall heims, 8611 metra að hæð. Ekki nóg með það, heldur klífu þeir félagar fjallið fyrstir manna án þess að nota súrefnistæki, sem er hreint frábær árangur miðað við það, að fjallið er afar erfitt uppgöngu. Fjölmargir hópar fjallgöngumanna hafa mátt snúa frá því án þess að ná settu marki og fram að þeim tíma er þeir Messner og Dacher lögðu til atlögu við fjallið hafði aðeins þemur hópum fjallgöngumanna tekist að sigra það, ítalir fyrstir 1954, þá Japanir 1977 og loks Bandaríkjumenn 1978, en í þeim leiðangri var góð-kunningi okkar, William Q. Sumner, sem var hér á landi fyrir skömmu.

Það tók þá félagana Messner og Dacher aðeins fimm daga að klífa fjallið frá "Base Camp", eða aðalbúðum, sem eru í rúmlega 5000 metra hæð yfir sjó. Í fyrstu ætluðu þeir að reyna að klífa ókannaða leið, sunnanvert í fjalllinu, sem er mjög erfið yfirferðar, en hættu við þá fyrirætlun sína og fylgdu sömu leið og ítalir og Japanir höfðu fylgt, austanvert í fjalllinu. Sú leið, þótt hún sé sú léttasta, er hún þó mun erfiðari en sú leið sem venjulega er farin á Mount

Everest, hæsta fjall heims, 8848 metra hátt. Í því sambandi er gaman að rifja það upp, að það voru einmitt þeir Messner og félagi hans Peter Habeler, sem fyrstir manna klífu Mount Everest án þess að nota súrefnistæki, en það gerðu þeir á síðasta ári.

Í kjölfar þessa mikla sigurs Messners er víst alveg óhætt að fullyrða, að hann er fremsti fjallgöngumaður allra tíma, því það kemst enginn með tærnar þar sem hann hefur hælana. Ef klifursaga Messners er rifjuð upp í stórum dráttum kemur í ljós, að hann hefur einn manna klifið hæstu tinda allra heimsálfa, Mount Blanc í Evrópu, Mount McKinley í Norður-Ameríku, Kilimanjaro í Afríku, Ancocagua í Suður-Ameríku, Mount Cook í Ástralíu og auðvitað Mount Everest í Asíu. Aðeins einn maður hefur komist nærri Messner á þessu sviði, en það er japanski ofurhuginn Uemura, sem klifið hefur hæstu tinda allra heimsálfa nema Ástralíu.

Þá á Messner ásamt félaga sínum Peter Habeler hraðamet í að klífa norðurvegginn á Eigertindi, en hann "skokkuðu" þeir á aðeins tíu klukkutímum. Þeir sem koma þeim næstir voru 16 klukkutíma. Þá er vert að geta afreks sem þeir Habeler unnu fyrir 4 árum. Þá klífu þeir fyrstir manna 8000 m tind "alpine style", eða án notkunar súrefnis og án aðstoðar burðarmanna. Tindurinn, sem þeir klífu, var Hidden Peak, 8068 metra háð.



Eftir hið glæsilega afrek þeirra Messners og Habelers, þegar þeir klifu Mount Everest án þess að nota súrefnistaiki, héldu menn að nú væru komnir fram spá-dómar ýmissa manna, það er að Messner væri nú endanlega farinn yfir um, hann hefði einfaldlega ekki þolað það mikla súrefnisleysi sem var á Everest, þegar hann tilkynnti að nú væri kominn tími til að klifra 8000 metra tind "solo." Tindurinn, sem kappinn hafði í huga var Manga Parbat, 8125 metra hátt, sem hann hafði að visu klifið ádur í félagi við aðra. Hann létt þó varnaðarorð manna sem vind um eyrun þjóta og hélt áfram undirbúningi fyrir ferðina. Hann axlaði 25 kílóa bakpoka í Base Camp og snéri aftur eftir 12 daga og hafði að sjálfsögðu sigrað tindinn, hafði framkvæmt það ómögulega. Eftir þetta afrek hefur enginn þorað að vífengja hugmyndir kappans. Það gekk því mjög vel hjá Messner að fjármagna leiðangurinn á K2, en fjármögnunin er yfirleitt helsti höfuðverkurinn - það voru allir einfaldlega sannfærðir um að honum myndi takast að sigra tindinn.

Sighvatur Blöndahl.

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



CORE-TEX
laminate
FATNAÐUR
OG
BAKPOKAR
FRÁ
berghaus



Útilíf


GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

Þrír á Þumal


Miðvikudaginn 8. ágúst síðasti klifum við Torfi Hjaltason, Snævarr Guðmundsson og undirritaður, Þumall (1279 m) í Skaftafellsfjöllum. Mun þetta vera í þriðja sinn, sem hann er klifinn. Þumall var fyrst klifinn af þeim Vestmannaeyingum Daða Ásbjörnssyni, Kjartani Eggertssyni og Snorra Hafsteinssyni árið 1975. Um páskana 1977 var síðan farið á hann öðru sinni og áttu þar í hlut þeir Arngrímur Blöndahl, Helgi Benediktsson og Jón Baldursson.

Þumall, sem er 120 m hárr frá rótum, var á árum áður talinn ókleifur sakir lélegs bergs og bratta. Það er reyndar rétt, að bergið er víða mjög laust neðst, en þegar skammt er komið upp í klettinn batnar bergið mjög og er þar víðast gott með tryggingar og festur.

Við félagarnir lögðum upp frá Skaftafelli laust fyrir kl. 14 þann 7. ágúst og gengum sem leið liggur um Skaftafellsheiði, inn Morsárdal, Kjós, upp hlíðina



Þumall, úr norðri.



Torfi kominn á toppinn og snýr sjónum til austurs.

vestan Vestra-Meingils og inn í Hnútdal. Þar sváfum við úti undir berum himni um nóttina í um 700 m hæð. Árla morguninn eftir gengum við upp að þumlinum sem leið liggur, upp fönn í botni dalsins upp á hrygginn sem gengur norður frá Vestur-Hnútu. Er þaðan steinsnar að tindinum, niður allbratta fönn og yfir skriðu og er maður þá kominn austan undir þumal. Veður var hið besta, hægviðri og léttkskýjað. Við gengum norður fyrir tindinn en við hugðumst fara á hann að norðvestan, sömu leið og þeir sem á undan höfðu farið. Aður en við lögðum í klifrið vopnuðumst við fleygum, hörrum, hnetum og öðrum þeim tólum sem til framfara horfa í klettaklifri.

Neðst var mjög laust en klifrið hins vegar afar létt og flýttum við okkur því þar upp. Þá tók við klauf eða skorsteinn, skemmtilegt klifur. Þegar upp úr klaufinni kom var haldið áfram upp að vestan, tvær bandlengdir, 70-80 m klifur. Var þá aðeins eftir hryggurinn á toppinn. Hann var laus og erfitt með tryggingar en hins vegar mjög auðveldur tæknilega og á toppnum sáum við eftir 4 klukkustunda ánægjulegt

klifur. Þar uppi var blítt að vera þó að athafnoplássið væri lítið á þverveginn, 120 m þverhnípi norðan megin og meira að sunnan. Parna hittum við fyrir fleyginn Helganaut. Hvílir hann nú í fleygasafni Torfa Hjalta-



Snævarr og Magnús á toppnum. Í baksýn ofanverður Skeiðarárjökull. Snævarr hinn kátasti, en greinarhöfundur virðist hafa áhyggjur af niðurförinni.

sonar eftir tveggja ára útivist á Þumli.

En ekki var til setunnar boðið, þó svo að útsýni væri frábært. Niðurferðin tók 3 tíma og munaði þar mestu að línan festist eftir 40 m sig. Snævarr klifraði upp aftur hinn sprækasti og gekk þannig frá línumni áður en hann seig niður aftur, að við náðum henni án frekari tilfærings. Og niður komumst við. Var nú snúið til byggða með viðkomu í Hnútdal. Þar hituðum við okkur súpu,

tróðum svefnþokum, prímus og öðru útilegudóti í bakpokana, löbbuðum síðan af stað áleiðis í Skaftafell. Var þá orðið kvöldsett.

Það voru þreyttir en ánægðir félagar sem lögðust til svefns í Skaftafelli á öðrum tímanum, að-faranott fimmtdags. Takmarkinu hafði verið náð. Þumall var sigraður.

Magnús Guðmundsson.

Annapurna s-veggur


1970

Himalayafjallalöndin, Nepal, Indland og Pakistan voru öll lokað fyrir fjallamönnum í lok síðasta áratugar, þegar Chris Bonington, Nick Estcourt, Martin Boysen og Dougal Haston, fjallgöngumennir-nir kunnu, ákváðu að fara í stóran leiðangur, en þeir félagar höfðu á á undangengnum árum gert garðinn frægan í Evrópsku Ölpunum. Þeir voru komnir að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að stefna að Mount McKinley í Alaska, þegar fréttirnar bárust - Nepal hafði opnað í hálfá gátt fyrir fjallgöngumönnum. Fél-agarnir ákváðu því í skyndingu að breyta allri áætlun sinni og sækja um leyfi til að klífa suðurvegg Annapurnatinds, 8096 m að hæð, sem talinn var nær ókleifur.

Leyfið fíkkst eftir nokkuð stapp og undirbúningur fyrir leiðangurinn var settur í fullan gang, valdir fleiri félagar vegna umfangsins og leitað eftir fjárhags-stuðningi ýmissa aðila. Í lok marsmánaðar voru svo 24 fjall-göngumenn ásamt hundruðum burðar-manna komnir að rótum fjallsins og tilbúnir að leggja til atlögu.

Það gekk á með skini og skúrum út allan aprílmánuð, þær sögur, að fjallið væri erfitt uppgöngu, voru í engu ýktar. En áfram mjakaðist þetta, búðir voru reistar í fjall-inu hverjar á fætur öðrum.

Í lok maímaðar, eða þann 27., stigu svo Don Whillans og Dougal Haston fæti sinum á tind Annapurna



eftir miklar þrekraunir. Viðvöl-in á tindinum var stutt og fél-agarnir héldu ofan. Annars voru allir klifrararnir í leiðangrinum orðnir yfir sig breyttir á þessum tíma, þannig að útlit var fyrir að ekki myndu fleiri komast á tind-inn. Tveir gerðu þó tilraun, þeir Tom Frost og Mick Burke, en þeir urðu frá að hverfa. Chris Boning-ton, sem var leiðangursstjóri, ákvað því, að frekari tilraunum skyldi hætt. Það var því hafist handa við að hreinsa fjallið, en þá kom áfallið, Ian Clough lenti í snjóskriðu og lést. Það var því dapur hópur, sem snéri aftur til byggða þrátt fyrir að fjallið hefði lotið í lægra haldi og tindinum verið náð.

Þetta afrek leiðangurs Boning-ton og félaga var á sínum tíma talið mesta fjallgönguafrek í Himalayafjöllum, sem unnið hafði verið, en félagar Íslenska Alpa-klúbbsins munu fá tækifæri til að kynnast þessu betur þann 28. nóvember næstkomandi, þegar kvíkmynd og leiðangurinn verður sýnd á kvöldvöku klúbbsins.

Sighvatur Blöndahl.

Snjóflóð og fjallaferðir

Snjóflóð hafa orðið fleiri íslendingum að bana en nokkrar aðrar náttúruhamfarir. Samkvæmt skráðum heimildum hafa um 600 látið lífið af þessum völdum, og eru þar að sjálfsögðu ekki allir taldir.

Þruggastar eru heimildir um tvær síðustu aldirnar. Á 19. öld fórust 190 manns og á þessari öld um 120 eða tæplega 2 á ári til jafnaðar. Okkur eru jafnan efst í minni stórslysin í byggð, þegar tugir manna hafa farist í einu og sama flóðinu. Samt hafa fleiri farist á viðavangi, ferðamenn á leið milli byggða og bændur við gegningar.

Nú síðustu árin hefur fjölgæð mjög fjallgöngumönnum og fjörkippur hlaupið í langferðir um öræfi á vetrum, og ber að fagna því. Skíðaiðkendum hefur einnig fjölgæð gífurlega. Margfalt fleiri eru nú á ferð í snjó en nokkru sinni fyrr, og hættan á því, að menn lendi í flóðum hefur því aukist gífurlega.

Okkur fjallamönnum ber því skylda til aukinnar vöku í þessum efnum. Í þessu greinarkorni mun ég reyna að gera grein fyrir helstu öryggisreglum fjallgöngumannsins.

Snjóflóð eru hættulegust allra slysa, sem hent geta skíða- og fjallgöngumenn. Snjóflóð drepa á margan hátt, en höfuðdauðaorsökin er köfnun. Í snjónum er jafnan lítið loft og með tímanum missir fórnarlambið meðvitund og deyr. Venjulega leggst snjórinn svo þétt, að engar hreyfingar eru mögulegar. Prýstingur á háls og brjóstkassa eykur enn á öndunartruflanir.

Hluti þeirra, sem í flóði lenda, deyja strax í flóðinu sjálfu, eða slasast stórlægum. Höfuðáverkar, innvortis áverkar, hálsbrot, hryggbrot og hvers kyns beinbrot eru algeng. Dæmi eru um lungnaskemmdir. Sumir deyja af ofkælingu eða losti.

Minna en 20% þeirra, sem grafast, fullkomlega í flóðum, lifa þau af. Samkvæmt svissneskum og bandarískum tölum lifa um 80% af flóðið sjálft, að hálfrí stundu liðinni lifa enn 50%, en sú tala helmingast á hverri klukkustund úr því. Í óhagstæðum samankrumpuðum stellingum getur dauðann borið mjög fljótt að. Menn missa meðvitund 45-120 sekúndum eftir að andardráttur stöðvast og fyrstu heilaskemmdir hefjast eftir 4 mínútur.

Aftur á móti geta menn lifað klukkustundum saman í snjó, ef þeir eru í þokkalegum stellingum og snjór þjappast ekki að vitum þeirra.

Nærri helmingur dauðaslysa í Bandaríkjum verða í flóðum, sem hafa fallið skemmra en 100 metra. Af þessu sést, að smáflóð geta verið eins miklir skaðvaldar og stór. Hættan er ekki háð lengd eða stærð flóðanna. Lítið flóð, sem fellur í gil, getur grafið mann jafndjúpt og stórt flóð.

Af þessu sést, að fyrstu minúturnar skipta sköpum. Besta vörn gegn öllum slysum er þekking og notkun hennar til þess að forðast þau. Nú orðið eignum við orðið margar björgunarsveitir, vel útbúnar og æfðar til björgunar úr snjóflóðum, en mikilvægari er þó sú aðstoð, sem ferðafélagarnir geta veitt, því þeir eru á staðnum, þegar ógæfan skellur yfir. Því meira sem þú ferðast í snjó, hvort sem er við klifur, á skíðum eða á vélknúnum farartækjum, þeim mun meiri er hættan á, að þú lendir í flóði. Skilningur og þekking á eðli snjóflóða getur forðað því, að þú lendir í flóði. Þekking og umhugsun getur líka bjargað þér, ef þú lendir sjálfur í flóði. Aðgát og skynsamlegt leiðaval er besta ráðið til að forðast hættuna.

Orsakir snjóflóða eru flóknar og margbrotnar og eðli þeirra ekki fullskyrt. Erfitt er að spá ná-

kvæmlega um komu þeirra, en vonandi verða þessi fáu orð til þess að vekja þig til umhugsunar um málid.

Öruggasta ráðið gegn hættunni er að forðast hana, ferðist því ekki þar um, sem snjóflóðahætta er mikil og snúið við í tíma, ef hættan skellur yfir á ferðum ykkar. Til þess að snjóflóð falli, verður að vera snjór, brekka, sem snjórinn getur runnið eftir og ójafnvægi í snjóþekjuni, sem setur flóðið af stað.

Flóðið getur byrjað á marga vegu. Algengast er, að veik undirlög bresti vegna aukinnar snjóþyngdar, vegna snjóbolta eða steina, sem falla að ofan eða jafnvel vegna þyngdar skíðamannsins, sem ferðast yfir snjóbreiðuna.

Höfuðgerðir snjóflóða eru tvær, lausasnjóflóð og flekahlaup. Lausasnjóflóð einkennast af því, að yfirborðslög snævarins hafa mjög litla samloðun, þau byrja í einum punkti, breiðast ekki mjög mikið út, en mynda kíl eða peru-laga braut. Þau stækka þó fljótt og geta borið með sér mikinn snjó. Oft myndast ekki neinn verulegur skriðflötur, efsti hluti snævarins rennur og skilur eftir hrjúft og ójafnt yfirborð. Lausasnjóflóð falla oftast í eða fljótt eftir mikla snjókomu. Eftir stórhrið er hættan mest, en hún minnkar með tímanum, þegar snjórinn nær að sjatna. Því lægra sem hitastigið er, þeim mun lengri tíma er snjórinn að ná jafnvægi. Til dæmis verður þekjan örugg á fáum dögum ef hiti er verulega yfir frostmarki, en getur tekið vikur í frosti og logni.

Önnur gerð lausasnjóflóða eru blaut snjóflóð, svokölluð krapahlaup. Regn og sólbráð veikir binding og mettar snjóinn raka. Af þessum sökum eru suðurhliðar hættulegri á vorin, en norðurhliðar hættulegri á vetrum.

Flekahlaup verða, þegar stórar snjóþekjur byrja að skriða í heilu lagi, þau mynda afmarkaða og skarpa brotalínus. Flekahlaupin myndast, þar sem vindur hefur byggt upp til-tölulega þétt snjólag, sem hefur litla viðloðun við neðri snjólög eða jörð. Flekahlaup eru algengari

Halli lands gráður	Tíðni flóða prósentur
25	2
30	10
35	15
40	24
45	35
50	11
55	2
60	1

Samband landhalla og tíðni snjóflóða samkvæmt norsku reynslutölum.





hlémegin. Viðloðunin í sjálfa laginu, sem skriður, er það mikið, að flóðið ber fram í flekum og kögglum eins og nafnið gefur til kynna. Þetta ástand jafnar sig líka með tímanum, en hættan getur varað lengi, einkum í kulda. Flekahlaupin eru hættulegustu flóðin vegna þess að ójafnvægið getur varað lengi og lítil umferð leyst flóðið úr læðingi.

Snjóflóð eru algengust í brekkum með halla $30-45^{\circ}$. Um 80% flóða falla á þessu bili. Við landhalla kringum 30° koma oft stórv, en sjaldgæf flóð, ef skilyrði eru til mikillar snjósöfnunar. Í bratta yfir 50° getur tíðni flóða orðið mikil, en þau oftast smá.


Krapahlaup geta fallið í halla niður undir 10° .

Flóð, sem komið er af stað, getur runnið yfir dalbotn og upp í hlíðina hinum megin.

Hættulegustu flekahlaupin hafa oftast upphaf sitt í ávöllum brekkum, þar sem togspennurnar verða hæstar. Stuttar brekkur geta verið jafnhættulegar og langar. Hléhlíðar eru hættulegri vegna mikillar snjósöfnunar í vindri. Skafrenningskóf fram af fjallabrunum getur bent til vaxandi hættu. Vindmegin er snjórinn jafnan barinn og mun þéttari í sér og því mun meiri líkur á, að hann þoli umferð.

	EFTIR UPPTÖKUM	FLEKAHLAUP	LAUSASNJÓFLÓÐ
EFTIR RAKA-ASTANDI	EFTIR STÆDSETINGU SKRÍÐFLATAR	EFTIR HREYFINGU	<p>Í LOFTI: KÓFHLAUP</p>  <p>MED JÖRDU: FLÆDIHLAUP</p>  <p>BLANDAÐ HLAUP</p> 
		<p>Í SNJÓPEKJUNNI: YFIRBORDSFLÓÐ</p> 	<p>NIÐUR VIÐ JÖRD: GRUNNHLAUP</p> 
		PURR	RÖK
			VOT

Flokkun snjóflóða:



Tog og þrýstingur í snjó í brekku:

Vegna þess að snjókornin síga lóðrétt, hljóta þau að síga undan brattanum því meira sem brattinn er meiri. Af þessum sökum myndast tog í ávöldum brekkum en þrýstingur í íhvolfum. Tveir skiðamenn, sem fara niður brekku með taug á milli sín, skýra þetta best.

Brotasvæðin eru þar sem togið er mest.

Skálar og brattar hliðar, sem enda í þróngum giljum, eru langhættulegustu svæðin. Mikill snjór getur safnast í skálarnar. Líkur á dauða í flóðinu sjálfu eru mun meiri, þar sem farvegurinn þrengist. Ósléttar og gryttar hliðar veita snjónum móttstöðu, sléttar hliðar eru því hættulegri, en þegar ójöfnurnar hafa fyllst af snjó er hættan þó orðin jafnmikil. Snjódýptin getur gefið bendingar um hættuna. Ef þú veður upp í kálfu eða hné í lausasnjó, sem hrynnur ofan í slóðina, er mikil hætta á lausasnjóflóði, einkum ef hjarn er undir.

Sjáist sprungur í þéttari snjóþekju og ef dynur í henni, þegar þú gengur yfir, er hætta á flekahlaupi og réttast að snúa við. Einnig ber að varast snjó, sem er orðinn rennblautur, svo að vatnar í slóðina, þá er hætta á krapahlaupi.

Snjórinn er eins og áður sagði óstöðugur við lágt hitastig, hann sígur saman og þéttist við hitastig um og yfir frostmarki.

Hvessi á þurran snjó við lágt hitastig, sem fer hækkandi, eykst flóðahætta. Þurri snjórinn hefur lélega samloðun og þolir ekki snjóinn, sem á hleðst. Laus lög djúpt í þekjunni eru því hættuleg, þau má kanna á einfaldan hátt:



Það má reka stafinn á kaf, grafa holu og kanna lögini með hnefa eða fingrum. Hægt er að grafa niður á lagið og spyrna fram köggli með skóflunni. Með æfingu getur þetta gefið nokkra tilfinningu fyrir ástandinu.

Veitið umhverfinu athygli. Sjáist smáflóð eða snjóboltar, sem velta niður hliðina, er ástæða til að vara sig. Vanur ferðamaður getur ferðast hratt og örugglega við mismunandi aðstæður. En sé einn félaginn óvanur, getur hann tafið fyrir á hættustund. Fararstjóra ber því að leggja leiðir sínar í samræmi við getu hópsins.

Þar sem lífslíkur eru aðeins um 50% eftir hálfa stund í snjó, mætti halda, að stór ferðahópur sé heppilegastur. Eg tel þó, að hæfilegur fjöldi í langferð á skiðum sé á bilinu 4-7.

Komi til slyss, er skýr hugsun, fljót og örugg viðbrögð og hæfilegur búnaður nauðsyn. Þetta kemur ekki sjálfkrafa, en vinnst með æfingu og þekkingarleit.

Hver þátttakandi í vel undirbúinni skiðaferð þarf annað hvort að hafa samanbrotna léttu leitarstöng í bakpoka sínum, eða útbúa tengingar á skiðastafina, svo nota megi þá saman í eina góða stöng.



Í vindi skefur snjóinn og hann safnast fyrir hlémegin. Skálar eru sérlega hættulegar, í þær geta safnast saman feiknamiklar snjó-dyngjur.

Radioleitartæki geta verið góð ef allir hafa þau og þess gætt að þau séu öll stillt á sendingu og vinni öll á sömu tíðni. Tæki þessi eru dýr, en verð þeirra fer lækkandi. Nú er unnið að því á vegum Almannavarna að velja eina tíðni fyrir landið. Sú tíðni, sem best hefur reynst erlendis, er 2245 rið og nokkrar tegundir framleiddar með henni. Sjúkrakassi skal ávallt vera með í för. Snjóflóðasnúra er ódýr og einfaldur búnaður, sem vel getur hjálpað. Snjóflóðasnúran er um 20 metra löng, 2-4 mm sver snúra í skærum lit, hana má merkja með

lengdarmerkjum og táknum, sem benda á snúruberann. Snúran er fest við mittið, en gerð upp í hönk, sem losa má með einu handtaki.

Einu má þó ekki gleyma, en það er skófla, sama er hvaða öryggistæki eru höfð með, voðinn er vis ef skófluna vantar.

Góður klæðnaður getur líka skipt sköpum og varaföt nauðsynleg fyrir hinn slasaða.

Þegar ferðin er hafin, er margs að gæta, ég mun nú telja upp helstu öryggisreglur um ferðalög um hættusvæði:

Fyrsta og aðalreglan er:

Ferðastu aldrei einn.



Aldrei skal nema einn í einu fara yfir hættusvæði. Þessi regla er oft brotin, en það ber að varast.

Lendi maður í snjóflóði geta björgunarlíkur hans verið góðar, ef félagar hans geta leitað hans og sótt hjálp. Ef allur hópurinn lendir í flóði, er voðinn vis.

Flest snjóflóðaslys á víðavangi verða, er ferðamaðurinn sjálfur kemur flóði af stað. Mun færri slys verða, er flóð fellur beinlinis á ferðamanninn.

Öruggustu leiðirnar eru eftir hryggjum, helst hlémegin, og eftir dalbotninum langt frá hættusvæðum. Þegar farið er upp brattar hliðar, veljið hryggi eða svæði, þar sem snjór er grunnur, en forðist víðáttumiklar snævi þaktar hliðar.

Ef þú þarf að fara yfir hugsanlega flóðbraut, farðu yfir eins hátt og mögulegt er. Gakktu úr skugga um, að brautin endi ekki í gili. Þurfir þú að fara upp snævi þakta hlið, vertu þá heldur í jaðri fannarinnar og betra er að fara beint upp en í krákustígum. Ekki skal tjalda á eða nema staðar undir hættulegum hliðum, líkur á að lenda í flóði aukast hratt ef numið er staðar. Þurfi að fara yfir hugsanlega flóðbraut, skal aðeins einn fara í einu, eins og áður segir. Nemid staðar, áður en farið er yfir, farið í allan ykkar skjólfatnað og reimið vel að hettur og límingar, þetta ver ykkur kulda og kemur í veg fyrir að snjór komist á milli




fata og líkama. Losið skiðahandföng og öryggisreimar á skiðum, eða takið skiðin af ykkur. Hafi maður hendur lausar, er hreyfimöguleiki meiri ef menn grafast. Losið bakpokaólar og berið pokann helst á annarri öxl. Losið skriðusnúruna og séu með radioleitartæki, stillið þau á sendingu.



Nú fer sá fyrsti af stað, hinir fylgjast með og miða hann inn, ef hann lendir í flóði. Enginn skyldi gera ráð fyrir, að hlið sé örugg, þótt fyrsti maður komist

klakklaust yfir. Flóðið getur fallið síðar, jafnvel eftir nokra umferð. Menn fara því áfram einn og einn, þá til allir eru komnir á öruggan stað.

Við yfirferðina er rétt að velja þann stað, þar sem styrt er milli öruggra staða. Falli flóð á pig á skiðum, er best að renna sér á ská niður á við og reyna að riða af flóðið. Brotni neðan við skiðamann, reynið þá að halda ykkur ofan flóðsins. Lendir þú í flóði, skaltu hrópa upp, svo



Hindranir í flóðbraut og beygjur í giljum eru líklegir fundarstaðir.



Röðun við grófleit:

Grófleit er ávallt notuð, meðan líkur eru á að finna hinn grafna á lífi.

Efri skipanin fæst með því að raða mönnum á beina línu, olnboga við olnboga, með hendur á mjöðum.

Hver stingur einu sinni milli fóta

sér, línan færist síðan fram um eitt skref.

Neðri aðferðin er notuð, ef leitarmenn eru tveir.

Hendur nema saman með útréttum örmum. Stungið er tvísvar til hægri við hægri fót og vinstri við vinstri fót og síðan stigið fram eitt skref.

félagar þínir sjái og heyri, hvar þú fellur í flóðið.

Losaðu þig við bakpoka og skíði.

Taktu sundtök og reyndu að halda þér sem efst í flóðinu og reyndu að stefna að jaðrinum. Í stórum flóðum er þetta kannski gagnslitið, en getur bjargað lífi þínu í smærri flóðum. Ef þetta dugir ekki, dragðu hendur að andliti. Það hindrar snjó að ryðjast inn í vit þín. Þegar flóðið hægir á sér, skaltu reyna að mynda holrúm við andlitið. Reyndu jafnframt að mjaka bér til og rýma kringum þig. Snjórinn sigur fljótt saman og læsir þig helgreipum, en hreyfing getur hjálpað til.

Grafist þú niður, reyndu að halda ró þinni. Hamagangur og átök eyða súrefnisforðanum. Sjálfstjórn er besta ráðið til björgunar.

Í lausum snjó getur þú kannski grafið þig upp sjálfur. Ef þú reynir það, reyndu fyrst að átta þig á, hvað er upp og hvað er niður. Það hefur komið fyrir, að fólk hefur grafið sig niður í flóðið.

Þótt þú heyrir til björgunarmanna, skalt þú ekki eyða kröftum í óþarfa köll. Hljóð heyrrist mun betur niður í snjóinn en upp úr honum. Sírt þú sá, sem af komst í flóðinu, haltu ró þinni. Líf félaga þinna er nú í þínunum höndum, kannaðu frekari flóðahættu, og veldu þér undankomuleið.

Merktu staðinn, þar sem félagi þinn sást síðast.

Reyndu að meta út frá því, hvar líklegast sé, að hann liggi.

Líklegustu staðirnir eru í flóð-tungunni, beint niður af staðnum, þar sem hann hvarf, í beygjum eða við hindranir í flóðbrautinni.

Ef fleiri en einn hafa komist af, dreifið ykkur um líklegustu svæðin og leitið að ummerkjum. Likams-hlutar geta staðið upp úr. Ef þið finnið fatnað, bakpoka eða annað, merkið staðinn með skíðastaf, það getur þrengt leitarsvæðið. Hlustið eftir hljóðum.

Ef þessi leit með augum og eyrum ber ekki árangur, skal hefja stangarleit.

Raðið ykkur upp hlið við hlið og byrjið að leita með leitarstöngum. Ef þær eru ekki fyrir hendi, þá með stöfum og skíðum. Nú skipta mínútur sköpum.

Leitið upp á móti brekkunni og merkið vandlega það svæði, sem búið er. Einnig er gott að merkja útlínur flóðsins, ef eitthvað er tiltækt til þess. Ef maður finnst, skal þegar grafa hann upp.

Ef margir hafa komist af, sendið jafnframt eftir hjálp, en þeir sem eftir eru halda leitinni stöðugt áfram.

Ef mjög langt er í aðstoð, getur verið betra að allir haldi leitinni áfram. Þetta eru erfiðar á-kvarðanir, en verða að takast í hverju tilfelli fyrir sig.

Farir þú eftir hjálp, ferðastu varlega, varastu flóðahættu, merktu leiðina og gættu þess að útkeyra



MED I
BAKPOKANN



þig ekki, því að það getur verið nauðsynlegt að þú fylgir björgunar-mönnum aftur á staðinn.

Þegar sá slasaði er fundinn og búið að grafa niður að honum, skal þegar hefja fyrstu hjálp. Allir ferðamenn eiga að kunna vel skil á hjálp í viðlögum, svo slikt á að ske fljótt og vel. Sé um blæðingar að ræða, verður að stöðva þær strax, en fyrsta og aðalatriðið er að huga að öndun og hefja strax öndunar-aðstoð.

Jafnframt skal meðhöndla sjúklinginn gegn ofkælingu og losti.

Ekki verður farið hér nánar út í björgun, því það væri efni í aðra grein. Að endingu: Þó að hér hafi verið mikið fjallað um ferðalög á hættusvæðum, er þó aðalreglan sú að forðast hættuna. Betri er krókur en kelda og snúið við áður en í óefni er komið.

Nokkrar bækur og bæklingar, sem að gagni gætu komið:

1. Ólafur Jónsson:
Skriðuföll og snjóflóð, 2 bindi.
Norðri 1957.

2. Helgi Björnsson:
Snjóflóð, orsakir, eðli, mat á hættu, varnir og gagnasöfnun.
Raunvisindastofnun Háskólangs, janúar 1979.

3. Þórarinn Magnússon:
Snjór og snjóflóð 35.
Rannsóknarstofnun byggingar-iðnaðarins 1979.

4. Ingvar Valdimarsson:
Snjóflóð: Björgun mannslifa,
leitaraðferðir og búnaður.
Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík
1979.

5. Ronald I. Perla og M. Martinelli:
Avalance Handbook.
USDA Forest Service, Fort Collins,
Colorado, 1976.

6. Melchoir Schild:
Lawinen.
Lehrmittelverlag des Kantones Zürich, 1972.

7. E. R. La Chapelle:
The ABC of avalanche safety.
Colorado Outdoor Sports, 1970.

Magnús Hallgrímsson.

Sóló á El Capitán

Eins og margir muna, sem sáu sýningu Williams Q. Sumners í sumar sýndi hann myndir frá klifri upp hinn hrikalega "the Nose" leið á El Capitan í Yosemite-þjóðgarðinum.

Ekki alls fyrir löngu var leið á El Capitan, sem nefnist "Dihedral" klifin solo í þriðja skipti.

Þegar Beverley Johnson klifraði upp á tind El Capitan varð hún fyrsta konan og þriðji einstaklingurinn sem kleif solo hinn 3000 feta háa klettavegg.

Dihedral leiðin var fyrst klifin-1962 af Jim Baldwin, Ed Cooper og Glen Danny. Var það mikið fyrirtæki, tók það þá 43 daga að klifra leiðina. Aðeins á fjórum stöðum fyrstu 2500 fetin eru syllur, þar sem maður getur staðið í báðar fætur, þverhnípið er svo mikið og veggurinn sléttur. 1968 var hann fyrst klifinn solo af einum þekktasta klettaklifrara Bandaríkjanna, Royal Robbins.

Beverley hefur klifrað í Yosemite-þjóðgarðinum í 12 ár og þykir frámúrskarandi á því sviði. Þetta var önnur tilraun hennar

til að klífa leiðina, en í fyrri tilrauninni varð hún að láta undan síga vegna storms. Á leið sinni upp notar hún two bakpoka með vatni (sem verður að hafa með sér), mat, svefnþoka og sérstakt tjald, sem notað er utan í þverhníptum klettaveggjum, samtals um 60 kg.

Klifrið tók hana 8 daga, þegar hún hafði klifrað eina línlengd dró hún pokana, festi línumnar, seig síðan niður þar, sem hún hafði byrjað klifrið, prúsikaði síðan upp og hreinsaði út fleyga og annað dót, sem hún hafði notað á uppleið. Má því segja að hún hafi farið leiðina tvisvar.

Ferð hennar vakti að vonum mikla athygli, á seinasta degi klifursins voru þyrlur sveimandi fyrir ofan hana með blaðaljósmyndara og sjónvarpsmenn.

Þegar upp kom, var hún spurð, hvernig henni hefði liðið þessa 8 daga á klettaveggnum.

Þá svaraði hún. "Petta var eins og að éta fil, einn bita í einu og tyggja 28 sinnum."

Hreinn Magnússon



Styrktaraðilar

PLASTPRENT HF.

Höfðabakka 9, sími 85600

MÓNA LÍSA

Laugavegi 19, sími 17445

RADIÓBÚÐIN

Skipholti 19, sími 29800

BÍLASALA EGGERTS

Borgartúni 24, sími 28255

FORMPRENT SF.

Hverfisgötu 78, sími 25960

SÆNSK-ÍSLENSKA VERSLUNARFÉLAGIÐ

Ármúla 1, sími 83599

HERLUF CLAUSEN JR. OG CO.

Bröttugötu 36, sími 16960

K. JÖNSSON OG CO. HF.

Hverfisgötu 72B, sími 12452

S. ÓSKARSSON OG CO. HF.

Sundaborg 7-9, sími 81822

ÓLAFUR ÞORSTEINSSON OG CO. HF.

Vatnagörðum 4, sími 85044

FASTEIGNAMIÐLUNIN SELIÐ

Ármúla 1, sími 31710

Ferðir og fundir ÍSALP

Félagsfundir og opin hús hefjast kl. 20.30 að Grensásvegi 5 nema annað sé auglýst. Eru félagsmenn hvattir til að bjóða gestum með.

14/11: Opið hús:

Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir úr Tindfjöllum, m.a. þegar Tindurinn var klifinn eftir hinni bröttu norðvesturhlið. Rætt um Tindfjallaferðina.

16/11-18/11: Tindfjöll:

Umsjón með ferðinni hefur Jón E. Rafnsson, sími 75311.

21/11: Opið hús:

Örvar Aðalsteinsson og Birgir Jóhannesson sýna myndir af klifri á Vestrahorni og Búlandstindi í Berufirði.

28/11: Félagsfundur:

Staður auglystur síðar í félagsmáladálk Morgunblaðsins.

1. Kvikmyndin "The Hardest Way Up" um breska leiðangurinn á suðurhlið Annapurna, 8079 m, árið 1970.
2. Sighvatur Blöndahl sýnir myndir af ferð nokkurra félaga í Alpana 1974.
3. Rætt um ferð á Esju.

2/12: Esja:

Fararstjóri: Olgeir Sigmarsson.

5/12: Opið hús:

Águst Guðmundsson sýnir myndir af klifri og jöklalaferðum, m.a. úr Tindfjöllum og Gýgjökli.

12/12: Opið hús:

1. Kvikmynd Náttúruverndarráðs: "Landið er fagurt og frítt."
2. Guttormur B. Þórarinsonn sýnir myndir af fjalla- og jöklalaferðum, m.a. af Heklu.

19/12: Opið hús:

2/1: Opið hús:

9/1: Opið hús:

Pétur Þorleifsson sýnir myndir frá Vatnajökli. Rætt um ferðina á Vífilsfell.

13/1: Vífilsfell:

Fararstjóri: Magnús Guðmundsson.

16/1: Opið hús:

Guðjón Ó. Magnússon ræðir um gönguskiði.

21/1 og 24/1: Attavitanámskeið:

Leiðbeinandi: Einar Hrafnkell Haraldsson. Pátttaka tilkynnist fyrir 16. jan. (ef pátttakendur verða of margir, verður námskeiðinu skipt).

30/1: Opið hús:

Björn Vilhjálmsson stjórnar umræðum um "siðfræði í klifri."

13/2: Aðalfundur:

REPRÓ
OFFSETVINNA
PRENTHÖNNUN



LINDARGÖTU 48
25210

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails

Bergans
OF NORWAY

MoAc

karrimor
International Ltd.
AVENUE PARADE ACCRINGTON LANCs ENGLAND

ajungilak.



Black's
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík